

Erfðanefnd landbúnaðarins
Jón Hallsteinn Hallsson, formaður,
Landbúnaðarháskóla Íslands,
Hvanneyri
311 Borgarnesi

Reykjavík, 24. febrúar 2014

Efni: Stóraukið eldi á norskættuðum laxi í sjó sem valdið getur erfðamengun og þar með ófyrirsjáanlegu tjóni í íslenskum laxveiðiám.

Vísað er til þess að mikil áform eru nú hér á landi um stóraukið eldi á laxi af norskum uppruna í sjókvíum.

Talið er að það þurfi um 1 milljón seiða til að framleiða um 3 þúsund tonn af laxi. Þegar hafa verið gefin út leyfi til framleiðslu á tæplega 30 þúsund tonnum af eldisfiski aðallega laxi en einnig regnbogasilungi.

Í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi virðist kapp vera lagt á að einfalda regluverk vegna umsókna á leyfum til laxeldis í sjó. Í lögunum er ekki að finna ákvæði um umhverfisvöktun eða tilmæli um þróun á geldlaxi til eldis, eins og gert er í norskum lögum frá 2012.

Gera má ráð fyrir að laxeldi í sjó muni aukast mjög á næstunni, þar sem verð á ferskum laxi er nú í sögulegu hámarki, en einnig vegna þess að ekki er tekið gjald fyrir leyfin, en mjög hátt gjald er tekið fyrir slík leyfi í Noregi.

Samkvæmt upplýsingum frá Noregi sleppa um 3 prósent seiðanna fljótlega eftir að seiðin koma í kvíarnar. Ætla má að hlutfall strokulaxa úr eldi verði hærra héraðs vegna erfiðari veðurskilyrða og vankunnáttu íslenskra eldismanna. Miðað við að það þurfi um 1 milljón seiða til að framleiða 3 þúsund tonn af laxi má gera ráð fyrir að að í slíku eldi sleppi um 30 þúsund seiði. Ef miðað er við 30 þúsund tona framleiðslu má gera ráð fyrir að 300 þúsund seiði sleppi hið minnsta.

Ljóst er að einhver hluti þessara seiða mun sækja upp í íslenskar laxveiðiár og valda þar erfðamengun og jafnvel sjúkdómum. Í þessu sambandi skal þess getið að talið er að íslenskar laxveiðiár framleiði árlega 500 þúsund til 1 milljón sjógönguseiða.

Það er skoðun Landssambands veiðifélaga að jafn stórfellt eldi norskra laxa í sjókvíum og áformað er geti haft veruleg neikvæð áhrif á villta íslenska laxastofna. Í þessu sambandi vísar LV til þess að villtir laxastofnar hafa orðið fyrir miklu tjóni bæði í Noregi og Skotlandi vegna sjókvíaeldis.

Vísað er til 4. gr. reglugerðar nr 151/2005 um verkefni erfðanefndar og 6. gr. um verndunarmat o.fl.

Landssamband veiðifélaga fer þess á leit að Erfðanefnd tjái sig um áhættu sem fylgir stórauðnu laxeldi hér á landi og hvort líta megi á kynbættan norskax eldislax sem erfðabreytta lífveru sem ógnað geti íslenskum laxastofnum sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar um verndunarmat.

Í ljósi þess að stjórnvöld virðast leggja kapp á að hraða framkvæmdum í laxeldi í sjó er þess óskað að erindi þetta verði tekið til meðferðar og afgreitt hið fyrsta.

Virðingarfyllt,

Óðinn Sigþórsson, formaður,
Landssambands veiðifélaga

PS.
Erindið áður sent í tölvupósti. /ÓS